# <u>ÚTFLUTNINGUR Á LAXI OG SILUNGI FRÁ 1980 TIL 1986.</u>

Valdimar Gunnarsson

Veiðimálastofnun, nóvember VMST-R/87038

## 1.0 INNGANGUR.

Í þessari skýrslu er tekið saman yfirlit yfir útflutning á ferskum , frystum og reyktum laxi og silungi, laxa- og silungsseiðum, og laxa- og silungshrognum frá árinu 1980 til 1986.

Allar upplýsingarnar sem birtar eru hér eru fengnar frá forsvarsmönnum fiskeldisstöðva og úr Verslunarskýrslum Hagstofu Íslands.

## 2.0 ÚTFLUTNINGUR Á SEIÐUM.

### 1.1 ÚTFLUTNINGUR Á LAXAGÖNGUSEIÐUM.

Árið 1977 byrjaði Norðurlax h/f að flytja út laxaseiði. Þetta ár var samtals flutt út 30.000 22-25 gr. seiði með flugi til Noregs. Árið 1979 var flutt út 40.000 og árið 1980 var flutt út 60.000, 22-25 gr. seiði til Noregs. Þessi seiði reyndust illa og stór hluti þeirra dó við seltuaðlögun. Árið 1984 hófst seiðaútflutningur aftur með flutningi á seiðum með skipi til Noregs frá nokkrum seiðaeldisstöðvum.

Tafla 1. Útflutningur á laxagönguseiðum. Útflutningur til Noregs er merktur með N og til Írlands með I.

| | 1984 | 1985 | 1986 |
|---|---|---|---|
| Laxalón | 30.000 N | 100.000 N | 200.000 N |
| Fljótalax | 35.000 N | 70.000 N | 130.000 I |
| Hólalax | 37.000 N | 48.000 N | 54.000 I |
| Klaksstöðin, Húsavík | | | 39.000 I |
| Fiskeldi, Húsavík | 41.000 N | | 86.000 N |
| Árlax | | | 80.000 I |
| Samtals | 143.000 | 218.000 | 589.000 |

### 2.2 ÚTFLUTNINGUR Á LAXASEIÐUM.

Árið 1986 flutti Laxalón út 475.000 sumaralinn laxaseiði með flugi til Írlands.

## 2.3 ÚTFLUTNINGUR Á REGNBOGASILUNGSSEIÐUM.

Laxalón er eina seiðaeldisstöðin hér á landi sem hefur flutt út regnbogasilungsseiði. Árið 1985 var flutt út 400.000 regnbogasilungsseiði, 70-100 gr á þyngd til Noregs og árið 1986 voru 200.000 sumaralin regnbogasilungsseiði flutt út með flugi til Írlands.

## 3.0 ÚTFLUTNINGUR Á FERSKUM OG FRYSTUM LAXI.

Yfirlit yfir útflutning á ferskum laxi er að finna í töflu 2. Þessar upplýsingar eru fengnar úr Verslunarsýrslum Hagstofu Íslands. Þar sem útflutningur á ferskum laxi og lifandi seiðum er slegið saman í Verslunarskýrslunum hefur þyngd útfluttra seiða verið dregin frá. Magn á útfluttum ferskum laxi hefur aukist síðustu ár og er mest árið 1986, 36.1 tonn. Mest hefur verið flutt út til Bandaríkjanna um 35 tonn fyrir árið 1984 og 1986.

Yfirlit yfir útflutning á frystum laxi er að finna í töflu 3. Lítið var flutt út af frystum laxi fyrstu árin en útflutningurinn hefur aukist og er mestur árið 1985 45.9 tonn og lækkar síðan niður í 7.7 tonn árið 1986. Mest hefur verið flutt út til Danmörku um 30 tonn árin 1984-5.

Yfirlit yfir útflutning á ferskum og frystum laxi er að finna í töflu 4. Útflutningurinn hefur aukist síðustu árin og er mestur árið 1984 samtals 66.6 tonn og fer síðan lækkandi niður í 43.8 tonn árið 1986.

Tafla 2. Útflutningur á ferskum laxi í tonnum frá 1980 til 1986.

| Land/ár | 1980 | 1981 | 1982 | 1983 | 1984 | 1985 | 1986 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Noregur | 21.0 | | | | | | |
| Luxemburg | 3.5 | | 0.5 | | | | |
| Bretland | | | 0.1 | 0.3 | | 1.7 | 0.7 |
| Bandaríkin | | | 2.0 | 6.6 | 35.8 | 8.3 | 35.3 |
| V-Þýskaland | | | | | | | 0.1 |
| Samtals | 24.5 | 0.0 | 2.6 | 6.9 | 35.8 | 10.0 | 36.1 |

Tafla 3. Útflutningur á frystum laxi í tonnum frá 1980 til 1986.

| Land/ár | 1980 | 1981 | 1982 | 1983 | 1984 | 1985 | 1986 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Danmörk | 0.1 | 6.5 | | | 30.5 | 29.6 | |
| Frakkland | 0.2 | | | | | 0.1 | 0.5 |
| Bretland | | 1.4 | | | | 15.2 | |
| Bandaríkin | | | | | | | 7.2 |
| Belgía | | | | 4.4 | | | |
| Svíðþjóð | | | | | 0.3 | | |
| Japan | | | | | | 1.0 | |
| Samtals | 0.3 | 7.9 | 0.0 | 4.4 | 30.8 | 45.9 | 7.7 |

Tafla 4. Samtals útflutningur á ferskum og frystum laxi í tonnum frá 1980 til 1986.

| Ár | 1980 | 1981 | 1982 | 1983 | 1984 | 1985 | 1986 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ferskur lax | 24.5 | 0.0 | 2.6 | 6.9 | 35.8 | 10.0 | 36.1 |
| Frystur lax | 0.3 | 7.9 | 0.0 | 4.4 | 30.8 | 45.9 | 7.7 |
| Samtals | 24.8 | 7.9 | 2.6 | 11.3 | 66.6 | 55.9 | 43.8 |

## 4.0 ÚTFLUTNINGUR Á FERSKUM OG FRYSTUM SILUNGI.

Yfirlit yfir útflutning á ferskum silungi er að finna í töflu 5. Þessar upplýsingar eru fengnar úr Verslunarskýrslum Hagstofu Íslands. Þar sem útflutningur á ferskum silungi og lifandi seiðum er slegið saman hefur þyngd útfluttra seiða verið dregin frá. Mjög lítið hefur verið flutt út af ferskum silungi þessi ár eða mest árið 1986, 1.3 tonn.

Samantekt á útfluttum frystum silungi er að finna í töflu 6. Mest var flutt út árið 1985 og fór allt til Danmerkur.

Yfirlit yfir útflutning á ferskum og frystum silungi er að finna í töflu 7. Mest var flutt út árið 1985 samtals 12.2 tonn.

Tafla 5. Útflutningur á ferskum silungi í tonnum frá 1980 til 1986.

| Land/Ár | 1984 | 1985 | 1986 |
|---|---|---|---|
| Noregur | | | |
| Bandaríkin | | 0.4 | |
| Frakkland | | | 1.0 |
| Önnur lönd | 0.2 | | 0.3 |
| Samtals | 0.2 | 0.4 | 1.3 |

Tafla 6. Útflutningur á frystum silungi í tonnum frá 1980-86.

| Land/Ár | 1984 | 1985 |
|---|---|---|
| Noregur | 4.0 | 11.8 |
| Bretland | 3.0 | |
| Samtals | 7.0 | 11.8 |

Tafla 7. Útflutningur á ferskum og frystum silungi í tonnum frá 1980-86.

| Ár | 1984 | 1985 | 1986 |
|---|---|---|---|
| Ferskur | 0.2 | 0.4 | 1.3 |
| Frystur | 7.0 | 11.8 | |
| Samtals | 7.2 | 12.2 | 1.3 |

## 6.0 ÚTFLUTNINGUR Á HROGNUM.

Samantekt á útflutningi á hrognum er að finna í töflu 8. Tölur yfir útflutt magn eru mjög ónákvæmar og þess vegna er ekki ekki tekinn saman heildar útflutningur yfir árið. Mest var flutt út árið 1980, eða rúm 700 kg til 4 landa.

Tafla 8. útflutningur á laxa- og silungahrognum í tonnum frá 1980-86.

| Land/Ár | 1980 | 1981 | 1982 | 1983 | 1984 | 1985 | 1986 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Noregur | 0.1 | | | | | | 0.1 |
| Írland | | | | | | | <0.1 |
| Ítalía | 0.5 | | | | | | |
| Portúgal | 0.1 | | | | | | |
| Bandaríkin | <0.1 | <0.1 | | <0.1 | | 0.1 | 0.1 |
| Belgía | | | <0.1 | <0.1 | 0.1 | | |
| Grikkland | | | <0.1 | | 0.1 | | |
| Spánn | | | 0.1 | 0.1 | 0.1 | | |
| Ísrael | | | | | | <0.1 | |
| Japan | | | | | | <0.1 | 0.1 |
| Chile | | | | | | | <0.1 |
| Önnur lönd | | | | <0.1 | | | |

## 7.0 <u>ÚTFLUTNINGSVERÐMÆTI.</u>

Yfirlit yfir útflutningverðmæti á ferskum, frystum og reyktum laxi og silungi, laxa- og silungaseiðum, laxa- og silungahrognum er að finna í töflu 9. Lítið hefur verið flutt út af reyktum fiski, mest var flutt út 0.9 tonn af laxi til Bandaríkjana árið 1985.

Tafla 9. Útflutningsverðmæti á ferkum, frystum og reiktum laxi og silungi, laxaseiðum og silungaseiðum, og laxa- og silungahrognum á verðlægi hvers árs í þús. kr. frá árinu 1980 til 1986.

| Vara/Ár | 1980 | 1981 | 1982 | 1983 | 1984 | 1985 | 1986 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ferskur lax og seiði | 100.522 | | 492 | 999 | 11.370 | 6.276 | 66.479 |
| Frystur lax | 1.329 | 457 | | 841 | 4.159 | 11.343 | 2.635 |
| Reyktur lax | | 68 | 5 | | 58 | 657 | 526 |
| Ferskur, frosin reyktur silungur og seiði | | | | 2 | 496 | 13.206 | 2.776 |
| Laxa- og silungahrogn | 23.034 | 3 | 150 | 452 | 866 | 932 | 2.511 |
| Samtals | 124.885 | 528 | 647 | 2.294 | 16.949 | 32.414 | 74.927 |